

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 151/1986, um launaskatt, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Launaskattur greiðist með tvennu móti:

- a) Mánaðarlega samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 13. gr., sbr. þó ákvæði 2. mgr. sömu greinar.
- b) Einu sinni á ári samkvæmt ákvæðum 20. gr.

## 2. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver almanaksmánuður er uppgjörstímabil launaskatts. Gjaldldagi launaskatts er 1. dagur næsta mánaðar á eftir uppgjörsmánuði, vegna launa í uppgjörsmánuði, og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða skattinn innheimtumanni ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans í uppgjörsmánuðinum. Greinargerðin skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 140.200 kr. er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess mánaðar þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 1.402.000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 1.402.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember væri að ræða.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og tekur hún til launa vegna starfa sem unnin eru frá 1. janúar 1990.

*Fjármálaráðuneytið, 12. janúar 1990.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Snorri Olsen.*

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 128, 24. febrúar 1988 um grásleppuveiðar.**

## 1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hvert veiðileyfi skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitíma. Skal leyfilegur veiðitími á hverju veiðisvæði vera sem hér segir:

- A. Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi austur á Hvítungum að línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.

- B. Í Breiðafirði frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðanesi að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, er veiðitímabilið frá 20. apríl til 20. júlí.
- C. Fyrir Vestfjörðum frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi norður frá Horni, er veiðitímabilið 20. apríl til 20. júlí.
- D. Í Húnaflóa frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá, er veiðitímabilið frá 1. apríl til 1. júlí.
- E. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi, er veiðitímabilið frá 20. mars til 20. júní.
- F. Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítungum, er veiðitímabilið frá 20. mars til 20. júní.

Veiðileyfishöfum er óheimilt að leggja grásleppunet fyrir upphaf veiðitímabils og jafnframt er þeim skylt að draga öll net úr sjó fyrir lok veiðitímabils.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum báta frá ákveðnum byggðarlögum að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðisvæði og veiðitíma, ef sérstakar ástæður þykja til vegna veiða þeirra undanfarin ár eða t.d. hafis hefur tálmað veiðar þeirra.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. janúar 1990.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Hjörtur Guðmundsson.*

## REGLUR

### **um tollfrelsi samkvæmt 9. og 10. tölulið 5. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Vörur, sem um ræðir í 9. og 10. tl. 5. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og endursendar eru hingað frá útlöndum geta einungis notið tollfrelsis við innflutning að um sé að ræða neðangreindar vörur og fullnægt sé þeim skilyrðum sem hér með eru um þær settar:

1. Vörur framleiddar hérlandis sem seldar hafa verið til útlanda af skattskyldum aðilum samkvæmt 3. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem selja og flytja út vörur í atvinnuskyni, enda hafi þeirra ekki verið vitjað hjá farmflytjanda erlendis, viðtakandi þar ekki fundist eða neitað verið viðtöku á vegna galla, skemmda, rýrnunar eða af öðrum jafngildum ástæðum að mati tollstjóra sem gerð hafi verið grein fyrir vörunum við útflutning.

Til sönnunar útflutningi varanna skal leggja fram afrit af útflutningsskýrslu er beri með sér að varan hafi fengið tollafgreiðslu um útflutning svo og önnur útflutningstollskjöl, s.s. afrit af vöruheikningi, farmbréfi, skírteinum og vottorðum sem krafist hefur verið við tollafgreiðslu.

Ákvæði þessa töluliðar skulu gilda um endursendar tómar umbúðir eftir því sem við getur átt.